

Nemandinn okkar

Nemandinn sem er drengur er mjög vel enskumælandi Lithái. Hann er nýkominn til landsins ásamt foreldrum sínum. Fjölskyldan bjó áður í Vilnius. Móðirin vinnur við þrif, en faðirinn er atvinnulaus. Nemandinn sem er í **10. bekk** í skóla sem er frekar miðsvæðis í Reykjavík, hegðar sér í auknum mæli illa og lætur trúðslega í skólanum. Flestir í skólanum tala við hann ensku (nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk skólans).

NEMANDINN

Bakgrunnsupplýsingar:

- Ivan hefur ágæta hæfni til náms.
- Enskukunnátta hans er mjög góð.
- Hann er listrænn og skapandi.
- Sterkur félagslega, leiðtogi.
- Afar ósáttur við flutninga fjölskyldunnar til Íslands.

Nauðsynlegt að fá félagslega sterkan nemanda í 10. bekk til að styðja við hann og leiðbeina honum fyrstu vikurnar.

Tengja hann inn í félagsmiðstöðina, styðja hann í að sækja þær tólmstundir sem hann hefur áhuga á, hvort sem það tengist tónlist, útivist eða íþróttum.

Einstaklingsnámskrá (námsfni og kennsluáætlun aðlagðar eftir þörfum).

- Íslenska sem annað tungumál 10-12 tímar á viku, minni hópar.
- Með bekkjarfélögum sínum í ensku, stærðfræði, íþróttum og verklegum greinum eftir því sem áhugi hans liggur (margmiðlun, myndlist, stuttmyndagerð). Einkunnir ekki stjörnumerktar.
- Skapaðar fyrir hann aðstæður í skólanum svo hann geti lesið samfélagfræði og náttúrufræði á sínu eigin móðurmáli eða á ensku. Einnig þarf að skapa honum aðstæður til að lesa og viðhalda móðurmáli sínu.
- Undanþága í dönsku.
- Vikuleg viðtöl hjá námsráðgjafa .
- Virkja leiðtogahæfileika og styrkleika eins og mögulegt er.
- Auka við hann tímum í listrænu og skapandi námi.

SKÓLINN

Fara yfir og fylgja móttökuáætlun skóla.

Halda teymisfund með foreldrum og túlki þar sem farið er yfir skólareglur, stundaskrá og aðstæður hjá nemanda. Stuðst skal við handbók um móttöku innflytjenda.

Afla bakgrunnsupplýsinga um nemandann. Hver eru áhugamál hans og styrkleikar..

Útbúa einstaklingsnámskrá fyrir hann .

Mikilvægt er að fara ekki of geyst af stað og frekar að láta hann vinna í minni hópum a.m.k. til að byrja með. Einstaklingar geta auðveldlega orðið fyrir menningarsjokki þegar komið er í gerólíkar aðstæður/umhverfi og til að sporna við því er best að aðlaga nemandann hægt og rólega.

Þar sem líklegt er að hegðunerfiðleikar Ivans stafi af því að hann sé að skapa sér sess í hópnum, sé óviss í sínu hlutverki og etv. óöruggur og því er mikilvægt að styrkja hann félagslega og leggja aðaláherslu á styrkleika hans.

Kenna nemendum skólans að aðstoða Ívan við að læra íslensku.

Tengja Ívan við félagslega sterka nemendur til að efla hann á jákvæðan hátt og einnig ræða við samnemendur um að tala sem mest íslensku við hann.

Halda Menningarmót innan skólans/bekkjarins.

Skipuleggja íslenskunám. 10 – 12 stundir á viku.

Bókasafn skólans útvegar bækur á hans móðurmáli.

Kynning fyrir starfsmenn skólans á fjölmenningsfærni. Fá annað hvort utanaðkomandi aðila til að sjá um fræðsluna eða nota innanbúðarfólk ef reynsla og þekking er til staðar.

Nota diskamottur/veggspjöld og minna nemendur/kennara/starfsfólk á að tala íslensku svo nemandinn læri tungumálið. Muna að tala til nemendans þegar verið er að túlka.

Aðlaga námsefni samfélagsgreina að hans þörfum eða vinna það í gegnum tölvuna á hans móðurmáli.

Finna út hvað hann vill gera þegar 10. bekk lýkur. Ætlar hann í verknám eða bóknám? Hvaða möguleikar eru fyrir hann? Þarf að halda vel utan um hann svo hann verði ekki brottnámsnemandi í framhaldsskóla strax á fyrstu önn. Góð lausn fyrir hann er að fara í enskudeild MH þegar grunnskólanum lýkur. Einnig er hægt að íhuga Listaháskóla Íslands í framhaldinu ef áhugi hans beinist að listgreinum.

FJÖLSKYLDAN

Ná tengslum og kenna fjölskyldunni hvernig hlutum er háttað hér á landi. Þetta á við um tólmstundir og viðhorf okkar hér á Íslandi td. gagnvart ofbeldi og tóbaki, áfengi og vímuefnanotkun.

Kynna og afhenda foreldrum bæklinga/orðalista með útskýringum um allt er varðar skólann, s.s. skólafrídaga, skólaferðalög, félagsmiðstöðvar og þessháttar.

Mikilvægt að kenna foreldrum á Mentor þar sem allar upplýsingar varðandi námið er þar að finna s.s. mætingar o.fl. Er á ábyrgð foreldra að fylgjast með Mentor.

Fjölskyldan getur nýtt www.nams.is og notað vefinn til samvinnunáms. Virkja foreldra til að læra með börnunum til að þau komist betur inn í málið.

Kynna útivistarreglur hér á landi.

Horfa til bakgrunns fjölskyldunnar og nýta hann í samskiptum við skólann á jákvæðan hátt.

NÆRSAMFÉLAGIÐ

Benda foreldrum hvar þau geta leitað sér aðstoðar varðandi réttindi og skyldur t.d. í gegnum félagsráðgjafa á viðkomandi þjónustumiðstöð ásamt því að kynna fyrir þeim ýmsa bæklinga sem hafa verið gefnir út fyrir innflytjendur á þeirra tungumáli.

Tengja Ívan og fjölskyldu við íþróttafélagið í hverfinu.

Fá fjölskyldu í hverfinu sem á ungling í skólanum til að vera vinafjölskylda þessara nýbúa.

Fá sjálfboðaliða frá Rauða Krossinum til að vera einstaklingsvinur annars hvort foreldris, helst beggja. Þannig væri t.d. hægt að aðstoða föður sem er atvinnulaus að komast betur inn í samfélagið. Hlutverk einstaklingsvinnar felst í að fara með viðkomandi í bíó, á kaffihús og aðstoða hann við að komast betur inn í samfélagið.

Ivan notar heimanámsaðstoð Borgarbókasafnsins þar sem sjálfboðaliðar Rauða krossins aðstoða. Kennari frá skólanum þarf að fylgja Ivan í fyrstu skiptin. Hvetja þabba hans Ivans til að fara með til að auka tengsl fleiri en Ivans í fjölskyldunni við samfélagið.

ÍSLAND

Markmið að aðlaga Ivan íslensku samfélagi.

Kynna fyrir Ivan siði, hátíðisdaga, venjur o.fl. í íslensku samfélagi.